

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 86/2003**

**frá 20. júní 2003**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2000 frá 10. nóvember 2000 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf aðildarríkjanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2045/2002/EB frá 21. október 2002 um breytingu á ákvörðun nr. 1720/1999/EB um samþykkt aðgerða og ráðstafana til að tryggja rekstrarsamhæfi og aðgang að samevrópskum netum fyrir rafræn gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana <sup>(2)</sup>.
- 3) Rétt er að auka samstarf aðildarríkjanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2046/2002/EB frá 21. október 2002 um breytingu á ákvörðun nr. 1719/1999/EB um viðmiðunarreglur um samevrópsk net fyrir rafræn gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana, að meðtalinni skilgreiningu verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum <sup>(3)</sup>.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2003.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Í bókun 31 við samninginn breytist 4. mgr. 17. gr. sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/1999/EB):

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 7, 11.1.2001, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 2, 11.1.2001, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 316, 20.11.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 316, 20.11.2002, bls. 4.

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 D 2046:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2046/2002/EB frá 21. október 2002 (Stjtið. EB L 316, 20.11.2002, bls. 4).“

2. Eftirfarandi bætist við í þriðja undirlið (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/1999/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 D 2045:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2045/2002/EB frá 21. október 2002 (Stjtið. EB L 316, 20.11.2002, bls. 1).“

## 2. gr.

Í 3. viðbæti við bókun 31 við samninginn breytist I. liður (Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum) sem hér segir:

1. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„EFTA-ríkin skulu taka þátt í eftirfarandi verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum á sviði samevrópskra neta fyrir gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana sem leiðir af 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/1999/EB, með áorðnum breytingum.“

2. Í A-hluta (Almennt) bætist eftirfarandi við:

„- Frágangur neta sem auðvelda samstarf milli dómsyfirvalda (þessi liður gildir eingöngu á Íslandi og í Noregi).“

3. B-hluti (Sérstök net til styrktar myntbandalagi Evrópu og stefnumálum bandalagsins og starfsemi) breytist sem hér segir:

- a) Í stað sjötta undirliðar komi eftirfarandi:

„- Fjarvirkninet á sviði menntamála og menningarmála, upplýsingamála, fjarskipta og hljóð- og myndmiðlunar, nánar tiltekið til að skiptast á upplýsingum um efni sem dreift er á opnum netkerfum og ýta undir þróun nýrrar hljóð- og mynddreifingarþjónustu og upplýsingaþjónustu og frjálstri dreifingu hennar.“

- b) Í stað áttunda undirliðar komi eftirfarandi:

„- Fjarvirkninet á sviði ferðamála, umhverfismála, neytendaverndar og heilsugæslu til þess að skiptast á upplýsingum milli ríkjanna sem eiga aðild að þessum samningi.“

c) Eftirfarandi bætist við:

„- Fjarvirkninet sem stuðla að markmiðum verkefnisins ‘rafræn Evrópa’ og aðgerðaáætlunar sem henni tengist, einkum markmiðum kaflans um beinlínubjónustu hins opinbera í þágu einstaklinga og fyrirtækja.

- Fjarvirkninet í tengslum við innflytjendamál, nánar tiltekið með bættum skiptum á rafrænum gögnum milli stjórnvalda landanna til þess að auðvelda upplýsingaskipti og samráð (þessi liður gildir eingöngu á Íslandi og í Noregi).“

### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2003.

### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*P. Westerlund*  
*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.